

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi gróðrarstöðvar og safnasvæðis við Krókeyri.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 27. nóvember 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felst í að svæði S2 er skipt í S2 og S5, sem eru svæði fyrir stofnanir og er nýtingarhlutfall endurmetið. Aðkomuleið frá Drottningarbraut er færð til suðurs og svæði S3 stækkar sem nemur aðkomuleiðinni, sem felld er niður. Nýtingarhlutfall lóða er hækkað. Minni háttar leiðréttingar á útlínunum húsagötu auk breytts fyrirkomulags bílastæða og gangstéttar. Minni háttar leiðrétting er gerð á skipulagsmörkum. Breytingar eru gerðar til samræmis í greinargerð.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 17. desember 2007,

Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 4. janúar 2008